

81

2. júní

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn, nr. 79 27. apríl 1950.

## 1. gr.

27. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:
1. flokkur. Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kornvara.
  2. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg:  
Jarðepli, rófur.
  3. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg:  
Hey, fóðurbætir, áburður.
  4. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg:  
Kol, koks, mór, salt.
  5. flokkur. Gjald kr. 2.40 fyrir hver 100 kg:  
Eldfastur leir og steinn, gólfllisar, þakhellur, veggflisar og efni til múr-  
húðunar, sement, benzín, olíur.
  6. flokkur. Gjald kr. 3.20 fyrir hver 100 kg:  
Veiðarfæri og efni til þeirra, fiskumbúðir, pokar, beita.
  7. flokkur. Gjald kr. 3.40 fyrir hver 100 kg:  
Sykur, smjörliki, mör, tólg.
  8. flokkur. Gjald kr. 6.40 fyrir hver 100 kg:  
Járn, vélar, vélahlutar, saumur, gler, krossviður.
  9. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg:  
Allar aðrar vörur, sem gjald hefur verið tekið af eftir þyngd.
  10. flokkur. Gjald 60 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Trjáviður.
  11. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hvert teningsfet:  
Húsgögn, hljóðfæri.
  12. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hvert stykki:  
Tómar tunnur, endursendar umbúðir, vín, öl- og gosdrykkjakassar, sauðfé,  
loðdýr.
  13. flokkur. Gjald kr. 8.00 fyrir hvern grip:  
Stórgripir.
  14. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:  
Hrogn, saltsild.
  15. flokkur. Gjald kr. 2.40 fyrir hver 100 kg:  
Saltfiskur, fullverkaður saltfiskur, ísvarinn fiskur, söltuð þunnildi, fiskimjöl.
  16. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:  
Lýsi, sundmagi, skreið, fiskroð, niðursoðinn fiskur, hraðfrystur fiskur,  
reyktur fiskur.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1954.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.